

ÁRSSKÝRSLA 2006



UST-2007:04

Hönnun, umbrot og prentun: Gutenberg

Ljósmyndir: Snævarr Guðmundsson, Einar Guðmann, Árni Bragason,
Skarphéðinn Þórisson auk starfsmanna Umhverfisstofnunar

Kort: Ólafur Arnar Jónsson

Forsíðumynd: Einar Guðmann

UMHVERFISSTOFNUN

ÁRSSKÝRSLA 2006

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	2
HLUTVERK OG UPPBYGGING STOFNUNARINNAR	4
Skipurit og viðfangsefni	4
FJÁRMÁL OG REKSTUR	5
Starfsmannamál	7
VIÐBURÐIR OG VERKEFNI ÁRSINS 2006	8
Strand Wilson Muuga og hreinsunaraðgerðir	8
Brennisteinsvetni frá jarðhitavirkjunum	9
Útflutningur og eyðing spilliefna	10
Átak um hreint neysluvatn	10
Gæði neysluvatns	10
Meðferð varnaðarmerktra efnavara í grunnskólum	11
Bókasafn Umhverfisstofnunar	11
Samningur UST og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands	15
REACH – ný löggjöf um efni og efnavörur	12
Áhrif REACH á Íslandi	12
Varnarefni í grænmeti og ávöxtum	13
Rannsóknarstofan flutt frá Umhverfisstofnun	13
Dýravernd	13
Þjónustusamningar við heimamenn	14
Gestastofa opnuð í Mývatnssveit	14
Blesgæsin friðuð	14
Minkaveiðiátaki hrundið af stað	14
Stóraukin ásókn í hreindýraveiðileyfi	15
Breytingar á fyrirkomulagi rjúpnaveiða	15
Námskeið fyrir verðandi veiðimenn	15
Stígandi í rafrænum skilum	15
Friðlýsingar	15
Sjálfbóðaliðum fjölgar sífellt	15
Fjölgun frístundabyggða og áhrif þeirra	16
Gljúfrastofa og breytt aðkoma að Ásbyrgi	16
Fimm ára afmæli	17
Námskeið fyrir landverði	17
Mat á þörf fyrir starfsleyfi	17
Eftirlit með matvælum	18
Merkingar tilbúinna rétta	18
Merkingar fæðubótarefna	18
Mælingar á koffini í drykkjum	18
Umhverfisvisar Umhverfisstofnunar	19
Starfsmannafélag Umhverfisstofnunar	19
Alþjóðlegt samstarf	20
VIÐAUKAR	21

INNGANGUR

Umhverfisstofnun hefur nú lokið fjórða starfsári sínu. Vinnulag er farið að mótast og verkferli að færast mjög í það horf sem stjórnsýslustofnun á að vinna eftir og metnaður okkar stendur til. Það er mitt mat að aðeins sé um ár þar til að búið verði að byggja upp gæðakerfi, verkþókhald og gagnagrunna til samræmis við það sem að var stefnt við myndun stofnunarinnar. Góð yfirsýn, virk stjórnsýsla auk markvissrar vöktunar og fræðslu eru helstu verkfæri okkar til að koma á framfæri þeim sjónarmiðum sem stofnunin stendur fyrir.

Eftir fjögurra ára starf við uppbyggingu Umhverfisstofnunar er ég vel sáttur við stærstan hluta afraksturs starfsins. Það er fátítt að sameining hafi gengið eins átakalítið og var á fyrstu árum stofnunarinnar. Á sama hátt tel ég nánast einstakt að stofnun sem hefur víðfeðmara verksvið en flestar aðrar stofnanir samfélagsins og mikinn og sundurleitan verkefnafjölda hafi getað náð tökum á verkefnum á jafn skömmum tíma og raun ber vitni. Einkanlega þegar tekið er tillit til þess að fjárhagur hefur verið mjög erfiður lengstan hluta tímans. Þar sem fjármunir hafa fengist, eins og við uppbyggingu þjóðgarða og friðlýstra svæða, hefur orðið gífurleg uppbygging á þessum tíma. Gestastofan á Hellnum, Mývatnsstofa og Gljúfrastofa sem opnuð verður á yfirstandandi ári og uppbyggingin í Skaftafelli eru nærtæk dæmi um slíkt. Stjórnsýsla stofnunarinnar hefur verið með þeim hætti að það heyrir til algjörra undantekninga að ákvarðanir sem stofnunin hefur tekið hafi ekki staðist þegar reynt hefur á. Tekist hefur að mestu að greiða niður tæplega 40 milljóna króna halla upp á eigin spýtur samhliða slíkri uppbyggingu sem ég held að hljóti að vera einsdæmi. Með miklu aðhaldi hefur það mark náðst en að sönnu hefur það ekki verið sársaukalaust fyrir sameiningarferlið og mikið hefur verið lagt á starfsfólk. Allt þetta hefur unnið með markvissri stefnumótun og forgangsröðun þar sem yfirstjórn og hvert svið hafa sett sér markmið fyrir hvert ár og mælt árangur við upphaf þess næsta.

Liðið starfsár var sviptingasamt. Ráða þar mestu þrjú atriði sem kalla fram áleitnar spurningar um fyrir hvað Umhverfisstofnun stendur og hvernig verkaskiptingu skuli háttað milli hennar og ráðuneytis. Þessi atriði eru:

- Rannsóknarstofan (RUST) var flutt frá stofnuninni, til Matis ohf
- Frumvarp um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs
- Stjórnsýsluúttekt þar sem gagnrýnin beindist að stjórnsýslu stofnunarinnar í stað þess að horfa til aukinna lögboðinna verkefna

Í ofangreindum atriðum endurspeglast að minu mati að verkaskipting milli ráðuneytis og stofnunar er óskýr og að talsvert skortir á sameiginlega sýn um framkvæmd þessa mikilvæga málaflokks.

Það skiptir miklu máli fyrir íbúa þessa lands að viðunandi þjónusta sem snýr að matvælaöryggi sé fyrir hendi. Helstu viðskiptavinir RUST í málum sem varða matvælaöryggi hafa verið heilbrigðissvæðin sem sjá um hið opinbera eftirlit. Hins vegar hefur hið opinbera greitt fyrir öryggisþjónustu RUST til að vera viðbúin þegar og ef matarsýkingar herja á landsmenn. Umhverfisstofnun hefur ávallt talið að rök standi til þess að sameina RUST öðrum sambærilegum rannsóknarstofum sem hafa með höndum opinbert eftirlit til að ná fram samlegðaráhrifum og traustari öryggisþjónustu. Flutningur RUST í opinbert hlutafélag, sem stendur á samkeppnismarkaði, um leið og eftirlitsmælingar í svo fámennu landi eru unnar á mismunandi rannsóknarstofum einfaldar hins vegar ekki yfirumsjónarstarf Umhverfisstofnunar og að óbreyttu er erfitt að sjá að það auki matvælaöryggi.

Frumvarpið um Vatnajökulsþjóðgarð var unnið undir stjórn ráðuneytisins en án samráðs við Umhverfisstofnun þar sem sérþekking í málaflokknum liggur. Spyrja má hvort skynsamlegt hafi verið að leggja í þá miklu vinnu að sameina hina mismunandi starfsemi í Umhverfisstofnun þegar síðan er ákveðið svo snemma eftir sameininguna að breyta stefnunni og taka stóran hluta starfseminnar sem snýr að náttúruvernd frá stofnuninni.

Líkt og kom fram í síðustu ársskýrslu taldi ég að búið væri að fela stofnuninni umfangsmeiri verkefni en hún gæti annað, einkanlega hvað varðar skuldbindingar sem fylgja EES samningnum. Því varð að samkomulagi við ráðuneytið að óska eftir stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á stofnuninni. Ábendingar í slíkum skýrslum hafa að markmiði að segja kost og löst á starfi viðkomandi stofnunar og benda á leiðir til úrbóta. Margar ábendingar Ríkisendurskoðunar voru að sönnu þarfar og réttmætar. Ég leyni því hins vegar ekki að niðurstöður skýrslunnar urðu mér mikil vonbrigði þar sem ég tel niðurstöðuna í litlu samræmi við viðfangsefnið. Mitt mat er að úttektaraðilinn hafi í skýrslu sinni fyrst og fremst verið að lýsa afleiðingum mikils álags á starfsmenn og óljósri verkaskiptingu milli stofnunar og ráðuneytis stað þess að leita frumorsaka þeirra vandamála sem við blöstu. Niðurstaðan varð þess vegna verulega skekkt mynd af því sem raunverulega er við að fást. Ég tel að stærsti vandi stofnunarinnar sé að ekki hefur farið fram sameiginleg stefnumótun ráðuneytis og stofnunar um mikilvægi og forgangsröðun lögboðinna verkefna hennar. Auknir fjármunir hafa að mestu verið bundnir við náttúruvernd, einkanlega framkvæmdir á friðlýstum svæðum meðan aðrir lögboðnir þættir svo sem sívaxandi verkefni stofnunarinnar sem fylgja EES samningnum og skylt er að framkvæma, en stofnunin sýslar um 40 % þeirra gerða sem hafa verið leiddar inn í íslenskan rétt, hafa setið eftir eða orðið að láta undan síga.

Úttektirnar á starfi stofnunarinnar gefa til kynna mjög mismunandi mat Umhverfisstofnunar og ráðuneytis á kostnaði og umfangi verkefna sem fylgja EES skuldbindingum Íslands. Úttektirnar bera einnig með sér að verka- og ábyrgðarskipting ráðuneytis og stofnunar um Evrópastarfið

þurfi að vera skýrari. Þess vegna er mikilvægt að ráðuneytið komi í ríkari mæli að undirbúningsvinnu við Evrópustarfið og skilgreini hvaða verk-efnum stofnunin á að sinna og feli henni það með formlegum hætti, í stað þess að stofnunin sé stöðugt að vekja athygli ráðuneytisins á þeim skyldum sem Ísland er að gangast undir, hvað kosti að uppfylla þær og óska eftir fjárveitingum til að sinna þeim.

Þau 18 ár sem ég hef starfað í þessum málaflokki og þau 6 ár sem ég hef gegnt stöðu forstjóra hefur gífurlega margt áunnist þótt enn sé margt ógert. Umhverfismál eru farin að grópa sig í vitund almennings, fyrirtæki leggja mörg metnað sinn í að standa vel að málum og málaflokkurinn er farinn að fela í sér viðskiptatækifæri sem er af hinu góða. Hægt og bitandi er umræðan að færast úr hátíðaræðum yfir í raunhæfar aðgerðir. Umhverfis- og matvælamál eru í eðli sínu átakamál. Markmið þeirra er að tryggja rétt almennings, eða að breyta hegðun sem kann að hafa áhrif á svigrúm annarra. Í þessu felast mikil hagsmunaátök og stöðugt þarf að sætta sjónarmið. Þar sannast oftast en ekki að „allir eru umhverfissinnar – þar til kemur að greiðslu“. Þess vegna skiptir máli að regluverkið byggi á áhættumati svo ekki séu lagðar óraunhæfar kvaðir á almenning og fyrirtæki um leið og að framkvæmdin þarf að vera samræmd, hlutlæg og gegnsæ. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að starf Umhverfisstofnunar sem stjórnsýslustofnunar byggir mjög á því að viðunandi grunnögn t.d um náttúruvar og neysluvenjur séu fyrir hendi, en á það hefur skort stórlega og við Íslendingar stöndum talsvert langt að baki nágrannþjóðunum í því efni. Mikil þörf er á að stokka upp lagaumhverfið sem snertir málaflokka stofnunarinnar, ekki síst það sem snýr að matvælum og náttúruvernd, en mikið skortir á að það samræmist þeim kröfum sem í dag eru gerðar til stjórnsýslunnar. Samhliða þessu verður að samræma framkvæmd stjórnsýslu og eftirlits um land allt þannig að sambærilegar reglur gildi um alla þegna landsins.

Brýnustu viðfangsefni framundan eru að sporna við loftslagsbreytingum og að bregðast við þeim breytingum sem líklegar eru. Þá ríður á að vinna að lausn ágreiningsmála milli verndar og nýtingar náttúruauðlinda. Hvernig til tekst byggist á að við öðlumst betri þekkingu á samspili manns og umhverfis og séum tilbúin til að sætta okkur við þær takmarkanir sem sú þekking leiðir í ljós.

Nýs forstjóra bíða mörg og spennandi verkefni. Hann fær hæft samstarfsfólk með lifandi áhuga á starfinu og hann tekur við stofnun með fjárhag í jafnvægi. Viðfangsefni sem nú þegar eru í eldflunni munu eflaust vaxa að mikilvægi á komandi árum. Til að ráða við aukinn fjölda verkefna sem stofnuninni hefur verið falinn þarf vissulega aukið fjármagn. Það er hins vegar ekki síður mikilvægt að ráðuneytið og stofnunin öðlist sameiginlegan skilning á því hverju stofnunin á að sinna og hvað ráðuneytið ætlar sjálf að gera.

Ég vil að lokum færa starfsmönnum Umhverfisstofnunar og þeim sem nú eru komnir til Matis þakkir fyrir samstarfið. Ég lít á það sem forréttindi að hafa fengið að taka þátt í uppbyggingu stofnunarinnar og hef notið þess að starfa í umhverfi þar sem stór hluti starfsmanna gefur sig í verkefni af ástríðu. Það hefur mikið verið lagt á starfsfólkið á liðnu ári og enn vantar nokkuð á að stofnunin sé komin á þann stað sem metnaður okkar stendur til. Standi fólk saman hef ég fulla trú á að starfsmenn Umhverfisstofnunar ráði vel við það mikilvæga viðfangsefni sem þeim hefur verið falið.

Mars 2007
Davíð Egilson

KVEÐJA FRÁ RUST

Fyrir starfsmenn RUST þakka forstjóra, forstöðumönnum og öðru starfsfólki Umhverfisstofnunar fyrir ánægjulegt samstarf og óska stofnuninni velfarnaðar í framtíðinni.

HLUTVERK OG UPPBYGGING STOFNUNARINNAR

Umhverfisstofnun starfar samkvæmt lögum nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun. Hlutverk hennar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Umhverfisstofnun heyrir undir umhverfisráðuneytið.

- Heilnæmt umhverfi – að athafnir mannsins og þau efni sem hann notar og framleiðir spilli ekki að óþörfu auðlindum landsins og vistkerfi.
- Öryggi neytenda – að matvæli, aðrar neyslu- og efnavörur valdi ekki heilsutjóni, slysum á fólki eða mengun.
- Sjálfbær nýting – að ekki sé gengið á rétt viðkomandi kynslóða til lífsgæða.


Skipurit og viðfangsefni

Sviðaskipting innan stofnunarinnar endurspeglar meginlínur í verkefnum. Innan sviða starfa fageiningar um einstök málefni. Sum málefni ganga þvert á nokkur eða öll svið stofnunarinnar.

- Fjárhags- og rekstrarsvið: Fjármála- og eignaumsýsla, starfsmannahald, fræðslumál, gæðamál og almennur rekstur stofnunarinnar. Fjárhags- og rekstrarsvið er stoðsvið við önnur svið stofnunarinnar. Forstöðumaður: Þórey I. Guðmundsdóttir.
- Framkvæmda- og eftirlitssvið: Ráðgjöf og framfylgd laga og reglugerða á sviði mengunarvarna, efnavöru, hollustuhátta og náttúruverndar. Umsjón með umhverfisvöktun. Forstöðumaður: Helgi Jensson.
- Matvælasvið: Reglugerðir, leyfisveitingar, forvarnir, fræðsla og eftirlit á sviði matvæla og erfðabreyttra lífvera. Forstöðumaður: Elín Guðmundsdóttir.

- Náttúruverndar- og útivistarsvið: Undirbúningur og framkvæmd friðlýsinga, rekstur þjóðgarða og friðlýstra svæða. Forstöðumaður: Árni Bragason.
- Stjórnsýslusvið: Reglugerðir, umsagnir, útgáfa starfsleyfa og annarra leyfa á sviði dýraverndar, efna og efnavöru, mengunarvarna og náttúruverndar. Forstöðumaður: Sigurbjörg Gísladóttir.
- Veidistjórnunarsvið: Yfirumsjón með fuglaveiðum og veiðum á landspendýrum á Íslandi. Útgáfa veiðikorta. Forstöðumaður: Áki Á. Jónsson.
- Rannsóknarstofa: Eftirlitsskipting og öryggisþjónusta á sviði matvæla-, neyslu- og nauðsynjavara og mengunar. Sjálfstæð hvað varðar þann hluta er snýr að samkeppnisrekstri. Framkvæmdastjóri: Viggó Þ. Marteinson.
- Skrifstofa forstjóra: Þverfagleg verkefni um lögfræðimál, kynningar- og fræðslumál og skil upplýsinga til erlendra samninga.

Fjöldi þverfaglegra verkefna er unninn á stofnuninni. Verkefni eru ekki afmörkuð við einstök svið og eru t.d. gæðamál, bráðavíðbrögð, umsagnir um mat á umhverfisáhrifum, lífríkismál auk samskipta við Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.



FJÁRMÁL OG REKSTUR

Umhverfisstofnun fær bókhaldsþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins, en vegna anna hefur Fjársýslan ekki lokið uppgjöri þegar þetta er skrifað (9. febrúar 2007) og sýna neðangreindar tölur ekki endanlegt uppgjör.

Heildarvelta Umhverfisstofnunar miðað við óstaðfest uppgjör fyrir árið 2006 er um 921,9 mkr. Þar af eru sértekjur um 242 mkr, ríkistekjur um 8,4 mkr og markaðar tekjur um 93,6 mkr. Helstu sértekjur stofnunarinnar eru örveru- og efnarannsóknir fyrir fyrirtæki og þjónusta fyrir Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga auk útseldrar vinnu sérfræðinga, og tjaldleiga í þjóðgörðum. Mengunareftirlitsgjöld teljast til ríkistekna sem og leyfi vegna hreindýraveiða. Veiðikortaleyfi og útgáfa starfsleyfa flokkast sem markaðar tekjur. Þegar litið er til skiptingu gjalda hjá stofnuninni er launakostnaður langstærsti gjaldaliðurinn eða um 50%. Aðkeypt þjónusta er um 13%, sem stafar m.a. af því að verið er að byggja upp Gljúfrastofu í þjóðgarðinum Jökulsárgljúfur. Húsnæðiskostnaður er 12% sem er hækkun frá fyrri árum, einkanlega vegna uppbyggingar á Gljúfrastofu. Tilfærslur til annarra aðila eru m.a. arðgreiðslur til hreindýrabænda, endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna refa- og minkaveiða auk annarra greiðslna. Áætlaður afgangur á rekstri stofnunarinnar er 20,9 mkr. Þegar tekið er tillit til fjárheimilda milli ára er áætlaður afgangur 32,4 mkr í árslok 2006.

Þess ber að geta að tölur sýna ekki raunsanna mynd af fjárhagsstöðu stofnunarinnar því að inni í þeim eru gegnumstreymissjóðir sem ekki er búið að ráðstafa. Auk þess eru meðtaldar fjárveitingar vegna verkefna sem framkvæma á eftir áramót. Líklegt er að eiginfjárstaða stofnunarinnar verði um -9,8 mkr í árslok þegar tillit er tekið til þessara þátta. Með rekstrarafgang upp á 32,4 mkr er stofnunin nánast búin að vinna upp halla síðustu ára.

Meðfylgjandi súlurit sýna skiptingu tekna og gjalda hjá stofnuninni árin 2003 til 2006. Auk þess er skifurit sem sýnir skiptingu heildargjalda árið 2006 greind á rekstrarliði.

Aukin fjárframlög vegna starfs Umhverfisstofnunar skipt á málaflokka

Náttúruvernd	2003	2004	2005	2006	Samtals	Hlutfall af heildar aukn.
Styrking á þjóðgörðum og friðl. svæðum	17	19.5	15	13	64.5	
Náttúruverndaráætlun og verndaráætlanir	-4		21	-6	11	
	13	19.5	36	7	75.5	52%

Skuldbindingar v EES


Tækjakaup	2003	2004	2005	2006	Samtals	Hlutfall af
Stjórnýsla	30				30	
	30	0	0	11	41	28%

Veidistjórn


Endurg. til sveitarfél.v. ref og mink	2003	2004	2005	2006	Samtals	Hlutfall af
Refa- og minkarannsóknir		9.8	10	10.5	30.3	
	0	9.8	9	10.5	29.3	20%
Samtals	43	29.3	45	28.5	145.8	

Um er að ræða nettötölur vegna fjármagns sem hefur verið sett í ofangreinda málaflokka. Fjárveitingar v/annarra verkefna t.d. upplýs. samfél., verðlags- og launaþr. eru ekki innifaldar.


Heildargjöld Umhverfisstofnunar 2006 greind á rekstrarliði




Tekjur Umhverfisstofnunar árin 2003 - 2006 (á verðlagi hvers árs)



Rekstrargjöld Umhverfisstofnunar árin 2003 - 2006 (á verðlagi hvers árs)



Heildargjöld Umhverfisstofnunar árin 2003 - 2006 (á verðlagi hvers árs)



REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 2006

(BRÁÐABIRGÐARTÖLUR)

TEKJUR:	(þús. kr.)	2006	2005
Sértekjur		242.027	201.381
Markaðar tekjur		93.573	82.936
Aðrar rekstrartekjur		8.461	6.710
Tekjur samtals		344.061	291.027

GJÖLD:

Launagjöld og launatengd laun	457.568	425.925
Ferða- og fundarkostnaður	63.988	52.017
Rekstrarvörur	41.077	33.244
Aðkeypt þjónusta	123.395	128.185
Húsnæðiskostnaður	113.367	75.827
Bifreiðakostnaður	6.013	6.546
Tilfærslur	108.081	96.209
Rekstrargjöld samtals	913.489	817.953


Eignakaup	6.350	5.635
Gjöld samtals	919.839	823.588
Fjármagnsgjöld	2.000	1.518
Tekjuafgangur (tekjuhali) fyrir fjárheimild	(577.778)	(534.079)
Framlag ríkissjóðs	598.700	562.700
Tekjuafgangur (tekjuhali) ársins	20.922	28.621

Höfuðstóll í árslok

Fjárheimild flutt frá fyrra ári	11.447	(17.174)
Fjárheimild flutt yfir á næsta ár	32.369	11.447

Þess ber að geta að uppgjör rekstrarreiknings fyrir árið 2006 eins og það er fram sett sýnir ekki raunsanna mynd af fjárhagsstöðu Umhverfisstofnunar. Sjá skýringar í texta.

Þróun hlutdeildar málaflokka í heildargjöldum UST árin 2003 - 2006 (á verðlagi hvers árs)



STARFSMANNAMÁL

Í árslok 2006 voru starfsmenn stofnunarinnar 84 að tölu, 47 konur og 37 karlar. Ársverk voru rúmlega 83. Starfsmannavelta ársins var 10% sem er tveimur prósentum hærrí en árið áður. Aukning í starfsmannafjölda stofnunarinnar frá byrjun hefur aðallega verið úti á landsbyggðinni sem sést best af því að í upphafi voru stöðugildi á landsbyggðinni 7,5 en eru í árslok 2006 orðin 17.

Landverðir og verkamenn eru ráðnir í störf í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum yfir sumarmánuðina. Samtals unnu 42 sumarlandverðir hjá Umhverfisstofnun árið 2006. Þessu til viðbótar hefur orðið mikil fjölgun sjálfboðaliða í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum sem eru ekki inni í ofangreindum tölum.

Menntunarstig starfsmanna stofnunarinnar er frekar hátt, um 73% starfsmanna hafa lokið námi á háskólastigi og meðalaldur starfsfólks stofnunarinnar í árslok 2006 er 45,7 ár.


Í starfsmannastefnu stofnunarinnar kemur fram að hún metur endurmenntun starfsmanna mikils og er miðað við að 1% af heild-

arlaunakostnaði fari í endurmenntun. Stofnunin hefur gert betur en þetta og leggur 2,6% af heildarlaunakostnaði í endurmenntun starfsmanna sinna.


Stofnunin hefur sett sér jafnræðisstefnu sem unnið er eftir. Þegar litið er til kynjahlutfalls millistjórnenda frá stofnun Umhverfisstofnunar kemur í ljós að konum í röðum millistjórnenda hefur fjölgað úr 7 í 9 á tímabilinu og körlum í sömu stöðum hefur fækkað úr 13 í 10. Stofnunin metur starfsfólk sitt mikils og hefur sett fjármuni í ýmsa liði tengda starfsmönnum eins og að bjóða starfsfólki og mökum á árshátíð, bjóða starfsfólki sínu á jólahlaðborð, veita líkamsræktarstyrki auk þess að greiða aukajólabónus nánast öll ár frá stofnun og gefa fri í kringum jólin. Starfsmannatengdur kostnaður hefur verið að verðgildi 2ja stöðugilda síðustu árin. Þessar tölur eru fyrir utan endurmenntun starfsmanna sbr. hér að ofan.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir sem sýna kennitölur varðandi starfsmenn.


Breyting á menntunarstigi starfsfólks UST milli ára




Breytingar á aldri starfsmanna UST milli ára



Kynjahlutfall hjá UST milli ára



Kynjahlutfall millistjórnenda UST milli ára m.t.t. heildarstarfsmannafjölda



VIÐBURÐIR OG VERKEFNI ÁRSINS 2006

STRAND WILSON MUUGA OG HREINSUNARAÐGERÐIR

Flutningaskipið Wilson Muuga strandaði við Hvalsnes aðfaranótt 19. desember 2006. Aðstæður voru slæmar á strandstað, vaxandi straumur, áhlaðandi og mikill vindur. Spáð var áframhaldandi roki næstu daga. Um borð í skipinu voru um 145 tonn af svartolíu, 70 tonn í botntönkum, 60 tonn í hliðartönkum og um 15 tonn í dagtangi. Einnig voru í skipinu 17 tonn af dísilolíu, 16 tonn af smurolíu, glussa og líkum efnum. Umhverfis strandstað Wilson Muuga eru viðkvæm svæði og sérlega mikilvæg fyrir fjölmarga fuglastofna allan ársins hring. Fyrir sunnan eru Ósabatnar með leirusvæði sem fuglar sækja mikið í og fyrir norðan eru fjölsótt fjörusvæði norður fyrir Garðskaga. Ljóst var að olíumengun á þessu svæði gæti haft alvarleg áhrif á fuglalíf.

Starfsmenn á vegum Umhverfisstofnunar fóru eins fljótt og hægt var um borð með þyrlu Landhelgisgæslu Íslands til að meta ástand skipsins og kanna hvernig haga ætti verkum við að tæma skipið af olíu. Í ljós kom að ástand skipsins var að mestu gott en botn þess var greinilega illa farinn. Botntankar voru rifnir en sjór hélt olíunni uppi. Fyrstu dagana var einungis hægt að vera við vinnu um borð í skipinu örfáar stundir á dag vegna veðurs, litillar dagsbirtu og óvissu um að skipið væri stöðugt og hvort það myndi liðast í sundur. Fljótlega var þó komist að þeirri niðurstöðu að skipið sæti stöðugt og allar líkur á því að svo myndi vera um þó nokkurn tíma. Á háfjörinni síðdegis á Þorláksmessu vatnaði undan botngrymum skipsins og varð þá vart svartolíuleka. Lá taumur í átt til lands og var strax ráðist í að setja einstreymisloka á öndunarop sem lágu frá botngrymunum upp á yfirborð. Umtalsvert dró úr lekanum við þá aðgerð og þegar farið var frá borði hafði flekkurinn slitnað frá skipinu. Fulltrúar frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja og Umhverfisnefnd Sandgerðis skoðuðu fjörur við strandstað og í næsta nágrenni og sáu olíubræk um kílómetrar lengd og um 200 metra breiða. Brákin var ekki samfelld en þó hafði olía safnast í einstökum vikum. Við fjörukönnun sást enginn oliublautur fugl en vegna mikils fuglalífs var mikil hætta á að fugl myndi lenda í þessari olíu. Með flóði og auknu brimi samfara vaxandi vindi jókst hreinsimáttur náttúrunnar og því sáu náttúruöflin um að dreifa olíunni og brjóta hana niður. Aðstæður gáfu loks færi á aðgerðum um borð í Wilson Muuga þann 26. desember og var þá þegar hafist handa við að hreinsa olíuna úr skipinu og stóð sú törn sleitulaust í nær 30 klukkustundir. Að morgni 28. desember var lokið við að tæma olíu úr aðgengilegum tönkum flutningaskipsins, smurningu, glussaolíu og öðrum oliuleifum sem fundust. Í allt var dælt um 95 tonnum af olíu í land. Eftir í skipinu var olíublandaður sjór í lestarrými sem hækkandi sjávarstaða á flóði hafði pumpað þangað úr rifnum botntönkum í gegnum einstreymislokana. Eftir áramótin var unnið áfram að því að ná olíu sem eftir var í botntönkunum sem flóðið hafði pumpað til viðbótar upp í lestina, en þaðan var olíunni dælt í tanka á þilfarinu og þeir síðan fluttir í land með þyrlu. Þessi aðgerð tókst framar vonum því að með þessari aðferð náðust ríflega 50 tonn af svartolíu. Lítil sjáanleg ummerki hafa fundist um olíumengun í fjörum í nágrenni við strandstaðinn enda hafði tekist að langmestu leyti að koma í veg fyrir oliuleka



frá skipinu á strandstað. Eitthvað af olíu hefur farið í sjóinn þegar skipið strandaði en óveður og mikill sjógangur fyrstu sólarhringanna eftir strandið höfðu hjálpast að við að koma olíunni á haf út, þynna hana og brjóta niður. Smávægilegur olíuleki á Þorláksmessu hvarf sömuleiðis í hafrót en eitthvað af olíublautum fugli sást eftir annan smáleka í febrúar 2007.

Wilson Muuga hefur nú verið hreinsað af olíu eins og hægt er að ná með góðu móti. Í allt hafa ríflega 150 tonn af svartolíu, smurolíu og glussa verið tekin úr skipinu frá því að aðgerðir Umhverfisstofnunar hófust. Þrátt fyrir þetta er hugsanlegt að einhverja olíu sé enn að finna milli banda í botntönkum skipsins. Nánar verður fylgst með því þegar skipið verður fjarlæggt. Þegar þetta er skrifað hefur ekki verið útkljáð hvernig skipið verður fjarlæggt af strandstað. Umhverfisstofnun vill þakka öllum sem lagt hafa hönd plóginn við dælingu og hreinsun til þessa fyrir einstaklega vel unnin störf undir erfiðum kringumstæðum. Sérstakar þakkir fá starfsmenn Oliudreifingar og Framtaks sem unnu sín verk af ábyrgð, dug, þolinmæði og gifurlegu úthaldi. Einnig ber að nefna mjög gott samstarf við félagi í Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu, þyrluáhafnir og starfsfólk Landhelgisgæslu, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og lögregluna Jafnframt þakkar Umhverfisstofnun bæjarstjóra og bæjarstjórn, starfsmönnum og íbúum Sandgerðis fyrir samstarf og þolinmæði. Þeir eru mun fleiri sem Umhverfisstofnun hefur átt ánægjulegt samstarf við vegna þessa máls sem of langt mál er að telja hér.



BRENNISTEINSVETNI FRÁ JARÐHITAVIRKJUNUM

Hveralykt getur fundist í Reykjavík þegar vindur blæs af jarðhitavirkjunum austur af borginni. Hveralyktin stafar af brennisteinsvetni (H₂S) sem berst upp með heitri gufu úr borholum virkjananna og sleppur út í andrúmsloftið. Brennisteinsvetni getur verið skaðlegt heilsu manna og valdið tæringu á mannvirkjum og búnaði.


Árið 2006 hófust mælingar á brennisteinsvetni í andrúmslofti við gatnamót Grensásvegur og Miklubrautar í Reykjavík sem hluti af samstarfi Umhverfissviðs Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar í vöktun loftgæða. Niðurstöður mælinganna sýna aukningu brennisteinsvetnis eftir gangsetningu Hellisheiðarvirkjunar í september 2006.

Umhverfismörk fyrir brennisteinsvetni í andrúmslofti hafa ekki verið sett í íslenskum reglugerðum en Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hefur gefið út sólarhringsmeðaltalið 150 mikrógrömm á rúmmetra (µg/m³) sem ráðleggjandi viðmið fyrir heilsuverndarmörk. Árið 2006 mældust gildi á Grensásvegi vel undir viðmiðunarmörkum WHO en hæsta sólarhringsmeðaltalið varð 46 µg/m³. Rétt er þó að taka fram að WHO vinnur að endurskoðun á viðmiðum fyrir brennisteinsvetni. Rannsóknir hafa sýnt að fólk er misnæmt fyrir lykt af brennisteinsvetni. Í Kaliforníu í Bandaríkjunum eru umhverfismörk sett við klukkustundarmeðaltalið 42 µg/m³. Þessi mörk miðast við óþægindi vegna lyktar. Við þessi mörk geta u.þ.b. 80% almennings skynjað lyktina en að öðru leyti er talið að brennisteinsvetni sé skaðlaust heilsu fólks við þennan styrk. Árið 2006 fór styrkur brennisteinsvetnis á Grensásvegi samtals 36 skipti yfir umhverfismörk Kaliforníu, oftast stóð þetta yfir í 1-2 klst. en lengst stóð slíkt yfir í 12 klst. samfellt.


Á súluritinu er sýndur styrkur brennisteinsvetnis við Grensásveg árið 2006. Skyggða svæðið sýnir hvenær Hellisheiðarvirkjun var gangsett. Eyður í súluritinu eru tímabil þar sem gögn vantar.

Vindáttargrafið sýnir meðalstyrk brennisteinsvetnis úr ólíkum vindáttum skv. mælingum á Grensásvegi árið 2006. Örvarnar sýna stefnu til Nesjavallavirkjunar (N) og Hellisheiðarvirkjunar (H). Það er augljóst að mesti meðalstyrkur mælist í vindáttum sem blása frá jarðhitavirkjunum.


Brennisteinsvetni á Grensásvegi árið 2006 meðalstyrkur (µg/m³) í ólíkum vindáttum.




Brennisteinsvetni
Vikumeðaltöl skv. mælingum á Grensásvegi árið 2006





Myndun spilliefna á Íslandi árið 2005



Fjöldi neysluvatnssýna frá minni vatnsveitum sem stöðust og sem stöðust ekki kröfur reglugerðar



Fjöldi neysluvatnssýna frá stærri vatnsveitum sem stöðust og sem stöðust ekki kröfur reglugerðar



ÚTFLUTNINGUR OG EYÐING SPILLIEFNA

Árlega falla til um 9 þúsund tonn af spilliefnum í landinu og eru móttökustöðvar fyrir spilliefni starfræktar um land allt. Möguleikar til að meðhöndla spilliefni hafa verið takmarkaðir fram til þessa hérlendis en megnið af því sem ekki er hægt að eyða hefur verið flutt til Danmerkur og Svíþjóðar. Vegna takmarkaðs umfangs hefur ekki verið hagkvæmt að byggja upp aðstöðu til að meðhöndla allar gerðir spilliefna og þau því verið flutt úr landi til eyðingar. Á síðasta ári voru m.a. flutt út 700 tonn af rafgeymum, 270 tonn af isskápum, nokkur tonn af PCB menguðum jarðvegi og fleiri efnum sem ekki er talið hagkvæmt að eyða hér.

Í árslok 2006 voru tvær brennslustöðvar hér á landi starfræktar sem uppfylla tæknileg skilyrði til að brenna spilliefni, Kolka á Suðurnesjum og Funi á Ísafirði, en þær geta brennt úrgangi við 1150°C. Kolka hefur hins vegar ekki leyfi til að brenna PCB-menguðum úrgangi. Tæknilega eru þessar stöðvar vanbúnar til að taka við fljótandi efnum þar sem innmötun gerir ekki ráð fyrir slíku. Gert er ráð fyrir að ný brennslustöð á Húsavík geti hafið starfsemi að fullu árið 2007. Í brennslustöðvum í Vestmannaeyjum og á Kirkjubæjarklaustri er leyfilegt að brenna sóttmengið úrgangi en ekki öðrum spilliefnum. Urðunarstaður fyrir spilliefni er í undirbúningi en þar er gert ráð fyrir að hægt verði að meðhöndla mengaðan jarðveg.

ÁTAK UM HREINT NEYSLUVATN

Átak um hreint neysluvatn hófst formlega árið 2002 með gerð handbókar um val og hönnun vatnsbóla og eftirlit með þeim, en handbókin kom út haustið 2002. Markmið átaksins var að finna allar eftirlitskyldar vatnsveitur, kanna ástand þeirra og örveru- og efnamengun í vatninu og ef allt var með felldu, veita þeim starfsleyfi. Árið 2003 var gefinn út bæklingur um litlar vatnsveitur. Næsta skref var að halda námskeið um val og hönnun lítilla vatnsveitna fyrir framkvæmdar- og eftirlitsaðila og fékk stofnunin mikilvæga aðstoð frá Orkustofnun og ÍSOR. Þriðji liður átaksins var að finna vatnsveiturnar, gera á þeim úttekt og veita þeim starfsleyfi. Þessi hluti var viðamestur og var í höndum Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Í byrjun árs 2002 voru 114 vatnsveitur skráðar með starfsleyfi en 1. desember 2006 voru þær orðnar 707. Þrátt fyrir að þriðja hluta sé ekki lokið hefur stofnunin hafist handa við fjórða hluta átaksins sem felst í að setja gögnin í gagnagrunn sem mun nýtast starfsmönnum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits við eftirlit í framtíðinni.

GÆÐI NEYSLUVATNS

Í tengslum við átak um hreint vatn voru könnuð gæði neysluvatns árin 2002–2006. Sýnin tóku heilbrigðisfulltrúar Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga í vatnsbólum og dreifikerfum sveitarfélaganna umhverfis landið. Rannsakandi var heildargerlafjöldi við 22°C, kóligerlar, saurkóligerlar (E coli), sýrustig, leiðni, grugg og ammoníak. Ástand neysluvatns er almennt gott hér á landi með tilliti til gerlainnihalds. Algengasta ástæða þess að neysluvatnssýni stöðust ekki gæðakröfur var of hár gerlafjöldi við 22°C og kóligerlar. Einnig innihéldu nokkur sýni of marga saurkóligerla (E coli). Uppruni vatnsins og frágangur vatnsbóla skiptir miklu máli fyrir gæði neysluvatns. Borholuvatn, geislað vatn og vatn frá uppsprettum og lindum kemur best út en yfirborðsvatn lakast. Aðeins voru innan við 5% sýnanna yfirborðsvatn. Flest neysluvatnssýni eru frá borholum og uppsprettum og lindum (um 80%). Með auknum upplýsingum verður hægt að greina vandamálið betur.

Línuritíð sýnir örveruástand neysluvatnssýna sem tekin voru á árunum 1995 til ársins 2006. Myndin sýnir hversu stórt hlutfall sýna stöðust gæðakröfur m. t. t. uppruna.

MEDFERÐ VARNAÐARMERKTRA EFNAVARA Í GRUNNSKÓLUM

Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga framkvæmdu könnun árið 2006 í grunnskólum landsins á varnaðarmerktum efnavörum, merkingum þeirra og á aðstöðu til að geyma og nota þær. Markmiðið með könnuninni var að kanna hversu víðtæk notkun varnaðarmerktra efnavara er við smíðakennslu og við verklega kennslu í efnafræði. Einnig að kanna aðbúnað við notkun efna-anna, merkingu þeirra og leiðbeiningar við notkun. Könnunin var framkvæmd á 7 heilbrigðiseftirlitssvæðum, þ. e. svæðum Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Alls voru 63 skólar heimsóttir, en á landinu öllu eru 183 grunnskólar. Í 18 skólum var til staðar efnavara merkt eituroða sterkt eiturog í 49 skólum efnavara merkt hættuleg heilsu. Það vakti athygli að í efnafræðistofum í 2 skólum var engin merkingarskyld efnavara sem sýnir að hægt er að nota minna skaðleg efni við kennslu. Í kjölfar könnunarinnar var gefin út skýrsla með niðurstöðum og tillögum til úrbóta. (UST-2006:15)

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru að:

1. mikið er um gömul efni í hillum og geymslum.
2. unnið er með varnaðarmerktta efnavöru, jafnvel efnavörur sem flokkaðar eru hættulegar heilsu eða sem eiturog.
3. mikið vantar upp á að merkingar séu í samræmi við reglur, þ.e. að varnaðarmerktar efnavörur séu merktar á íslensku. Í undantekningartilvikum lágu fyrir öryggisblöð fyrir varnaðarmerktar efnavörur.
4. mun fátíðara er að læst geymsla sé fyrir hættuleg efni í smíðastofum en efnafræðistofum, þó verið sé að vinna með eða geyma álíka hættuleg efni.
5. stinkskápur eða samsvarandi búnaður er aðeins til staðar í fáeinum af þeim smíðastofum sem könnunin nær til.
6. loftræsing er viðunandi eða góð í um það bil helmingi skóla en léleg eða frekar léleg í um það bil helmingi af þeim skólum sem könnunin nær til, bæði í smíðastofum og efnafræðistofum.


BÓKASAFN UMHVERFISSTOFNUNAR

Umhverfisstofnun rekur bókasafn sem er sérfræðisafn rita er varða starfssvið stofnunarinnar og þjónar safnið fyrst og fremst starfsfólki hennar. Á árinu undirritaði Umhverfisstofnun samning við Landskerfi bókasafna hf um þátttöku í Landskerfi bókasafna og skráningu safnkosts í GEGNI, sameiginlegan gagnagrunn flestra bókasafna á landinu. Vinna við skráninguna hófst á haustdögum og verður það sem skráð er jafnóðum leitarhæft í GEGNI. Það er mikil vinna að skrá allt safnið inn í kerfið og líkur á því að það verk taki nokkur ár.

Auk venjulegrar safnþjónustu hefur safnið annast dreifingu ýmissa rita til annarra safna og stofnana, fyrst og fremst rita sem Umhverfisstofnun Evrópu (EEA) gefur út, svo og rita frá Norrænu ráðherranefndinni.

SAMNINGUR UST OG ÞRÓUNARSAMVINNUSTOFNUNAR ÍSLANDS

Samstarfsamningur milli Umhverfisstofnunar og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands var undirritaður á árinu 2006. Í kjölfar samningsins fóru tveir sérfræðingar Umhverfisstofnunar til Sri Lanka en hlutverk þeirra var að aðstoða heimamenn við uppsetningu á rannsóknaverkefninu „Gæði vatns og íss sem notað er við fiskvinnslu í Sri Lanka“. Sérfræðingarnir voru við störf á Sri Lanka í 3 vikur og að þeim loknum hófst rannsóknin sjálf og stendur hún enn yfir. Verkefnið er samstarfsverkefni National aquatic resources research and development agency (NARA), Ministry of fisheries and aquatic resources og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.





REACH – NÝ LÖGGJÖF UM EFNI OG EFNAVÖRUR


Evrópuráðið samþykkti þann 18. desember 2006 nýja efnalöggjöf sem fengið hefur nafnið REACH (Registration, Evaluation, Authorisation and restriction of Chemicals). REACH kveður á um skráningu, mat, leyfisveitingar og takmarkanir á notkun efna og efnavara, sem og stofnun nýrrar Efnastofnunar Evrópu (ECHA) í Helsinki. Aðalmarkmið REACH er að vernda heilsu manna og umhverfi, liðka fyrir samkeppni í efnaiðnaði og efla þróun nýrra efna í Evrópu. Formleg gildistaka REACH í Evrópu er 1. júní 2007 og áætlað er að hún taki gildi á Íslandi á síðari hluta ársins 2007. Undirbúningur innleiðingar tilskipunarinnar hefur þegar hafist á Umhverfisstofnun og var m. a. gefið út upplýsinga- og staðreyndarit um REACH í október 2006.

Við innleiðingu REACH munu reglur varðandi markaðsetningu og notkun á efnum og efnavörum breytast m. a. á eftirfarandi hátt:

- Öll efni, hrein eða í efnavörum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn frá löndum utan EES, (Evrópska efnahagssvæðið) í meira magni en eitt tonn á ári þarf að skrá hjá Efnastofnun Evrópu. Umfang skráningar fer eftir magni framleiðslu eða innflutnings og hefst 1. júní 2008.
- Lengri frestur til skráningar er á vefnum sem hafa verið á markaði síðustu ár, en fresturinn er þó háður því að efnin séu forskráð á tímabilinu 1. júní 2008 til 1. desember 2008.
- Aðilar sem nota efni í atvinnuskyni og þeir sem flytja inn efni frá EES eru skilgreindir sem aðilar neðar í framleiðslukeðjunni. Gerðar eru auknar kröfur til þeirra, einkum í sambandi við áhættumat á efnum og upplýsingagjöf upp og niður framleiðslu- og afhendingarkeðju efnisins.
- Sækja þarf um leyfi til framleiðslu eða notkunar á efnum sem skilgreind eru sem krabbameinsvaldandi, valda stökkbreytingum, hafa neikvæð áhrif á æxlun, safnast upp, eru þrávirk eða eitruð.
- Núgildandi takmarkanir og bönn við notkun á efnum eða efnavörum munu gilda áfram.

ÁHRIF REACH Á ÍSLANDI

Samkvæmt REACH þarf að skrá efni sem framleidd eru eða flutt inn frá löndum utan EES í meira magni en sem nemur 1 tonni á ári hvort sem þau eru hrein eða í efnavörum. Þeir sem flytja inn vörur frá löndum innan EES teljast vera neðar í framleiðslukeðju og hafa þeir upplýsingaskyldu gagnvart innflytjanda/framleiðanda ef notkun efnisins er önnur en sú sem skilgreind er á öryggisblöðum. Innflutningur á efnum og efnavörum til Íslands árið 2005 var skoðaður til að gera sér grein fyrir áhrifum REACH. Tollskráin var skoðuð og athugað hvaða tollflokkar væru algengastir vegna innflutnings á efnum og efnavörum til Íslands. Þá var haft samband við tollstjóra og fengnar upplýsingar um innflutning á vörum sem falla undir tollflokka V (vörur úr steinaríkinu) og VI (vörur til efnaiðnaðar og tengds iðnaðar). Beðið var um eftirfarandi upplýsingar: Hvaða fyrirtæki eru með innflutning, hver er uppruni efnisins/efnavörunnar, frá hvaða landi er innflutningurinn og í hve miklu magni? Eins og sjá má í meðfylgjandi grafi er töluverður innflutningur á efnum og efnavörum hingað til lands en 458 einstaklingar og fyrirtæki flytja slík efni inn í magni sem er meira en eitt tonn á ári. Inni í þessum tölum er innflutningur sem er að einhverju leyti undanþeginn skráningum eins og innflutningur á olíu og bensíni sem er yfir 1000 tonn á ári fyrir hvert innflutningsfyrirtæki. Hinsvegar má geta þess að olíufélögin flytja inn talsvert magn af öðrum efnum og efnavörum sem líklegt er að þurfi að skrá. Nálægt 75% af innflutningi á efnum og efnavörum er frá löndum innan Evrópusambandsins. Mestur innflutningur frá löndum utan EES er frá Kanada, Sviss og Surinam og munar þar mestu um innflutning á súrálí (Al₂O₃). Einnig er stór hluti innflutningsins frá Singapúr, Rússlandi, Bandaríkjunum og Kína.



VARNAREFNI Í GRÆNMETI OG ÁVÖXTUM

Mæling á varnarefnum er mikilvægur þáttur í matvælaeftirliti og hefur það markmið að tryggja öryggi neytenda. Sautján aðferðir til mælinga á varnarefnum sem notuð eru við ræktun grænmetis og ávaxta fengu faggildingu í árslok 2006. Í dag er skimað fyrir 44 varnarefnum í fjölefnaleit ásamt dítíókarbamötum. Varnarefni eru notuð við ræktun og geymslu matvæla svo sem ávaxta, grænmetis og kornvöru til að draga úr skaða af völdum sveppa, illgresis, skordýra og annarra meindýra. Aðalflokkar varnarefna eru plöntulyf (sveppa-, bakteríu- og skordýraeitur), illgresiseyðir og vaxtarstýriefni.

RANNSÓKNARSTOFAN FLUTT FRÁ UMHVERFISSTOFNUN

Árið 2006 var síðasta starfsár rannsóknastofunnar undir stjórn Umhverfisstofnunar. Rannsóknastofan (RUST) sameinaðist Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Matvælarannsóknunum Keldnaholti þann 1. janúar 2007. Með samrunanum voru þrjár ríkisstofnanir sem unnið höfðu að matvælarannsóknunum og þróun í tengslum við matvælaíðnað, sameinaðar í eitt opinbert hlutafélag Mátis ohf. Hlutverk Mátis er að stunda rannsóknir og þróunarstarf annars vegar á sviði öryggis og heilnæmis matvæla og hins vegar á sviði nýsköpunar. Mátis skiptist í þrjú rannsóknasvið, vinnslu og vöruþróun, líftækni og nýjar afurðir og heilnæmi og öryggi. RUST tilheyrir síðastnefnda sviðinu og heitir nú Mátis örverurannsóknir og mun sinna fyrrum verkefnum RUST með sama hætti og áður og uppfylla áfram kröfur alþjóðastaðalsins ÍST EN ISO/IEC 17025:2005 um starfsemi faggiltra prófunarstofa.

DÝRAVERND

Samkvæmt dýraverndarlögum nr. 15/1994 fer umhverfisráðherra með yfirstjórn mála er varða dýravernd og er Umhverfisstofnun gert að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og tengdum reglugerðum. Varðandi gildissvið dýraverndarlaga segir m.a.: Lög þessi taka til allra dýra, en þó einkum til þeirra sem eru í vörslu eða umsjón manna.


Samkvæmt Búfjárlögum nr. 103/2002 fer landbúnaðarráðherra með yfirstjórn mála er varða meðferð búfjár. Gildissvið búfjárlaga tekur til alifugla, geitfjár, hrossa, kanína, loðdýra, nautgripa, sauðfjár og svína. Landbúnaðarstofnun og búfjárefnirit annast eftirlit á grunni þessara laga og eru allar helstu reglugerðir varðandi meðferð og aðbúnað búfjártegunda settar með stoð í þeim.

Einnig er vert að benda á að önnur lög taka til dýraverndar að mismiklu leyti s.s. lög nr. 54/1990 um innflutning dýra, lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, lög nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisráðgjöf o.fl. og lög nr. 55/2002 um útflutning hrossa.

Af ofangreindu má vera ljóst að gildissvið, hlutverk og virkni dýraverndarlaganna sem hornsteinn regluverks um dýravelferð er óskýrt og skipulag regluverks varðandi dýravernd á Íslandi flókið. Brýnt er að stjórnvöld hafi frumkvæði að því að staða dýraverndar á Íslandi sé endurskoðuð heildstætt og borin saman við skipan og áherslur dýraverndarmála hjá helstu nágrannaþjóðum okkar. Í þessu sambandi má benda á að Evrópusambandið hefur nýverið markað stefnu til næstu 5 ára varðandi aðgerðir til að auka vernd og velferð dýra auk þess sem 1. janúar 2007 tóku gildi nýjar reglur um dýraflutninga hjá ríkjum ESB.


Að mati Umhverfisstofnunar er skýr þörf á að stjórnvöld marki málaflokknum skýra stefna til nánustu framtíðar til að tryggja að vel sé hugað að málefnum dýraverndar á Íslandi.

Sýnafjöldi 1992-2006



Myndin sýnir fjölda sýna af ávöxtum og grænmeti sem tekin voru til varnarefnamælinga 1992-2006.

Hlutfall sýna yfir hámarksgildum 1992-2006





ÞJÓNUSTUSAMNINGAR VIÐ HEIMAMENN

Helstu nýjungar í starfi þjóðgarðsins í Skaftafelli voru þjónustusamningar sem gerðir voru við einstaklinga og fyrirtæki í Austur- og Vestur-Skaftafellssýslum. Samið var við níu aðila að þessu sinni. Markmið með þjónustusamningunum er að skapa tengslanet við landeigendur, ferðaþjónustuaðila og félagasamtök í Skaftafellssýslum sem eiga land að þjóðgarðinum. Slíkir samningar við heimamenn gera kleift að sinna miklu stærra svæði og auka þjónustu við ferðamenn og bæta öryggi þeirra. Ótvíræður ávinningur af þessu er að gott samstarf myndast við heimamenn og jákvætt viðhorf skapast til þjóðgarðsins og starfsmanna hans. Í apríl heimsótti herra Ólafur Ragnar Grímsson forseti Ísland þjóðgarðinn ásamt fylgdarliði. Forseta var sýndur hluti þjóðgarðsins og móttaka var við Selið. Í ágúst kom Jónína Bjartmarz, umhverfisráðherra ásamt fylgdarliði inn í Laka og afhjúpaði nýjan göngustíg og útsýnispall við Tjarnargíg. Vinna við deiliskipulag fyrir Laka-svæðið er nú hafin og í framhaldi verður lagfærð aðstaða starfsmanna og gesta á þessum hluta þjóðgarðsins.



GESTASTOFA OPNUÐ Í MÝVATNSSVEIT

Sérfræðingur Umhverfisstofnunar hóf störf á verndarsvæði Mývatns og Laxár í byrjun maí. Helstu störf starfsmannsins eru stjórn landvörslu, daglegur rekstur gestastofu og umsjón með svæðinu í samvinnu við heimamenn. Í framhaldi af þessu var opnuð við Mývatn, Mývatnsstofa – gestastofa Umhverfisstofnunar. Gestastofan er í Reykjahlíðarþorpi, 200 manna þéttbýliskjarna norðaustan við vatnið. Hún hýsir sýningu Umhverfisstofnunar um verndarsvæðið ásamt því að upplýsingamiðstöð ferðamála er þar til húsa. Verndarsvæði Mývatns og Laxár nær yfir vatnið sjálft, ásamt tilheyrandi votlendi.

BLESGÆSIN FRIDUÐ

Umhverfisráðherra ákvað að friða blesgæs árið 2006. Friðun blesgæsarinnar er gerð í samræmi við tillögur Fuglaverndar og Skotvís og studd umsögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar. veiðar hafa ekki verið taldar sjálfbærar þar sem vísbendingar eru um að stofninn sem eingöngu hefur viðvöl hérlandis á fartíma eigi undir högg að sækja. Umhverfisstofnun stóð fyrir kynningu meðal veiðimanna á friðuninni sem fólst í því að allir veiðikorthafar fengu sendan upplýsingabækling og bréf auk þess sem kynning fór fram meðal skotfélaga, lögregluembætta og skotveiðiverslana. Fyrir friðun voru veiddar um 3000 blesgæsir á ári. Veiðarnar voru mjög svæðisbundnar og var því lögð áhersla á að kynna friðunina sérstaklega vel fyrir landeigendum á þeim svæðum sem blesgæs er að finna á veiðitíma.

MINKAVEIÐIÁTAKI HRUNDIÐ AF STAÐ

Umhverfisráðherra ákvað á árinu að hrinda af stað tilraunaverkefni í minkaveiðum. Markmið verkefnisins er að útrýma mink á tveimur svæðum á landinu, Eyjafirði og Snæfellsnesi, með það að leiðarljósi að ráðast í útrýmingu minks á öllu landinu verði góður árangur af þessu afmarkaða verkefni. Veiðar hefjast á árinu 2007 og standa til ársins 2009 og verður varið 135 milljónum til verkefnisins á því tímabili.



STÓRAUKIN ÁSÓKN Í HREINDÝRAVEIÐILEYFI

Fjöldi umsókna um hreindýraveiðileyfi hefur áttfaldast á sex árum. Árið 2001 voru umsóknir 339 en umsóknir um veiðileyfi fyrir veiðiárið 2007 voru rúmlega 2700. Á sama tíma hefur fjöldi veiðileyfa ekki náð að þrefaldast en hann hefur farið úr 454 í 1137 á sex árum. Umhverfisstofnun hefur umsjón með úrdrætti veiðileyfa, en nánast allar umsóknir um hreindýraveiðileyfi berast á rafrænan hátt með skilavef fyrir árlegar veiðiskýrslur. Úthlutunarkerfið hefur gengið snurðulaust fyrir sig undanfarin ár en á síðastliðnu ári voru gerðar ýmsar lagfæringar á skilavefnum sem skila sér í skilvirkari og fljóttari afgreiðslu umsókna.

BREYTINGAR Á FYRIRKOMULAGI RJÚPNAVEIÐA

Árið 2006 var gripið til enn frekari aðgerða til að draga úr rjúpnaveiði. Var veiðitímabilið frá 15. október til 30. nóvember en ekki var heimilt að veiða á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum á tímabilinu. Samkvæmt viðhorfskönnun á skilavef Umhverfisstofnunar er greinilegt að veiðimenn verða sér æ meðvitaðri um nauðsyn hófsamra rjúpnaveiða til þess að þær verði sjálfbærar.

NÁMSKEIÐ FYRIR VERÐANDI VEIÐIMENN

Töluverð aukning varð í aðsókn á námskeið um skotvopna- og veiðikortaréttindi. Alls sóttu 684 manns skotvopnanámskeið á vegum Umhverfisstofnunar og 752 sóttu veiðikortanámskeið. Þetta er 15% aukning á milli ára. Haldin voru alls 27 námskeið víðsvegar um landið.

STÍGANDI Í RAFRÆNUM SKILUM

Mikill meirihluti veiðimanna endurnýjar veiðikortin sín í gegnum rafrænan skilavef Umhverfisstofnunar en árið 2006 sóttu 83% veiðimanna um endurnýjun veiðikorts á þennan hátt. Byrjað var að taka við rafrænum umsóknum árið 1999. Alls voru gefin út 10.032 veiðikort á árinu.

FRIDLÝSINGAR


Í janúar 2006 var friðlýsing Surtseyjar sem friðlands endurnýjuð. Friðlýsingin nær nú til eldstöðvarinnar allrar, ofan sem neðansjávar, þ.m.t. gíganna Jólnis, Syrtlings og Surtlu og hafsvæðisins umhverfis. Surtsey hefur hátt vísinda- og náttúruverndargildi á íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða. Einkunnir í Borgarfirði voru friðlýstar sem fólkvangur í maí. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda jarðmyndanir og votlendi í þágu útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Í júní var kúluskítur, sem er vaxtarform grænþörungisins vatnaskúfs (*Aegagropila linnaei*), friðlýstur sem tegund. Þetta vaxtarform þörungisins myndar þéttar kúlur, allt að 15 cm í þvermál, sem liggja lausar á vatnsbotni þar sem þær velta með straumnum. Kúluskítur er mjög sjaldgæfur en Mývatn er annar af tveimur þekktustu fundarstöðum hans í heiminum.

Meðal þeirra friðlýsinga sem nú er unnið að eru: Vestmannaeyjar, Álftanes – Skerjafjörður, Vatnshornsskógur í Skorradal, Gerpissvæðið á Austurlandi auk sex svæða í landi Hafnarfjarðar.

SJÁLFBÓÐALIÐUM FJÖLGAR SÍFELT

Fjöldi erlendra sjálfbóðaliða á vegum UST í þjóðgördunum hefur farið hraðvaxandi á undanföllum árum og var sjálfbóðaliðastarfið umfangsmeira á síðasta ári en nokkru sinni fyrr. Alls voru unnar 405 vikur á árinu í sjálfbóðaliðastarfi á vegum UST en starfsemin var samfelld frá 1. maí til 1. nóvember og alls tóku þátt 120 sjálfbóðaliðar á 12 starfstöðum.

Hreindýraveiðileyfi





FJÖLGUN FRÍSTUNDABYGGÐA OG ÁHRIF ÞEIRRA

Með breyttum lífsháttum þjóðarinnar, bættum almennum efnahag og fjölgun íbúa í þéttbýli hefur áhugi og löngun fólks til að eignast frístundahús (sumarhús) utan þéttbýlissvæða stóraukist. Á sl. áratug hefur aukningin orðið gríðarleg og má nefna sem dæmi að á Suðurlandi hefur frístundahúsum fjölgað um 25%. Í dag er fjöldi frístundahúsa í landinu kominn yfir 10.000 (apríl 2006) og eru flest þeirra á Suðurlandi, eða um 48% af heildarfjöldanum. Í Grimsnes- og Grafningshreppi og Bláskógabyggð eru um 3500 frístundahús.

Samhliða aukningu í fjölda frístundahúsa verður algengara að byggð séu mun stærri hús en áður hefur þekkt. Ekki er óalgengt að heimilt sé að byggja allt að 200 m² hús auk geymslu og gestahúss. Fyrir árið 1998 var hámarks byggingarstærð á einni frístundalóð 70 m². Ört vaxandi frístundabyggðir fela í sér hættu á að verndargildi einstakra náttúruverndarsvæða skerðist auk þess sem náttúrulegir birkiskógar, eldhraun og votlendi eru undir auknu álagi. Stjórnvöld hafa markað stefnu um að vernda beri framangreind vistkerfi og náttúruminjar með lagasetningu og stefnumörkun, sbr. stefnumörkun stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020.



Samkvæmt upplýsingum frá Skipulagsstofnun var þann 1. október 2006 gert ráð fyrir um 20.000 ha. frístundabyggð í Árnessýslu samkvæmt samþykktum skipulagsáætlunum. Í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu er gert ráð fyrir um 8.100 ha. frístundabyggð og í Rangárvallasýslu um 4.000 ha. frístundabyggð. Stærð einstakra frístundalóða í dag er frá um 0,5 ha. til 1,0 ha. á lóð. Samkvæmt þessu má því gera ráð fyrir að hægt verði að byggja um 32 – 64 þúsund frístundahús í áðurnefndum sýslum, sem er allt að því sexföld aukning frístundabyggðar frá því sem hún er í dag á landinu öllu. Framangreindar tölur eru nokkurt áhyggjuefni án viðunandi mótvægisáðgerða því frístundabyggðum fylgja ekki einungis framkvæmdir á oft viðkvæmum svæðum heldur einnig aukid álag hvað varðar t.d. skólp, sorp, aukna vatnspörf og umferð á þjóðvegum landsins. Verður að hyggja vel að þessum þáttum áður en frístundabyggðir eru skipulagðar.

GLJÚFRASTOFA OG BREYTT AÐKOMA AÐ ÁSBYRGI

Gljúfrastofa, gestastofa þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum, verður opnuð á vordögum 2007. Allt síðastliðið ár var haldið áfram við byggingu hússins ásamt því að unnið var að gerð sýningar um Jökulsá á Fjöllum og Jökulsárgljúfur, náttúrufar og sögu, sem verður í gestastofunni. Gljúfrastofa mun gjörbreyta allri aðstöðu fyrir starfsemi þjóðgarðsins ásamt því að stórauka þjónustu við gesti hans. Í Gljúfrastofu verður rekin öflug upplýsingaþjónusta, fræðsla og þar verða skrifstofur starfsmanna. Frá Gljúfrastofu liggja margar skemmtilegar gönguleiðir um þjóðgarðinn. Samhliða byggingu Gljúfrastofu var aðkomuvegi að Ásbyrgi breytt síðastliðið sumar samkvæmt núgildandi deiliskipulagi. Við það sköpuðust betri tengsl milli þjónustukjarna í mynni Ásbyrgis, tjaldsvæðis, Gljúfrastofu og verslunar.



FIMM ÁRA AFMÆLI

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull varð 5 ára þ. 28. júní 2006 og var af því tilefni haldin vegleg afmælisveisla í Grunnskólanum á Hellissandi og voru um 100 manns þar saman komnir. Hápunktur afmælisins var þegar Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra afhenti verðlaun í samkeppni um hönnun þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellissandi. 17 tillögur bárust í keppnina og kom vinningstillagan frá Arkís ehf. Höfundar hennar eru þau Birgir Teitsson, Arnar Þór Jónsson, Edda Kristín Einarsdóttir, Sara Axelsdóttir og Þróstur Geir Árnason. Tillagan ber nafnið Jökulhöfði og í umsögn dómnefndar kemur m.a. fram að framsetning hugmynda og tillögu sé góð, vel skipulögð og skemmtileg vísun til hafsins. Einnig að efnisval sé sannfærandi og vísi skemmtilega í togaraflök og bæjarþil eða bryggjusporð. Blíðskaparveður var á afmælisdaginn og skartaði Jökullinn sínu fegursta, heiður og tær eins og hann var á stofndegri þjóðgarðsins fyrir 5 árum.



NÁMSKEIÐ FYRIR LANDVERÐI

Átján landverðir útskrifuðust í mars 2006 af fyrsta landvarðanámskeiðinu þar sem kennt var eftir nýrri námskrá sem samin var af Umhverfisstofnun og Landvarðafélaginu. Fjallað var um störf landvarða, sögu og hugmyndafræði náttúruverndar, sögu og hugmyndafræði umhverfistúlkunar, hugtök og gildi í vistfræði, mannleg samskipti, ferðamennsku og ferðaþjónustu. Nemendur fengu þjálfun í umhverfistúlkun, stjórnsýsla umhverfismála var kynnt og rædd og leiðbeint var um gerð fræðsluefnis og gerð göngustíga. Þá var fjallað um verndaráætlanir, tilgang þeirra og markmið, og veitt þjálfun í öryggismálum. Nemendur gerðu mjög góðan róm að námskeiðinu.



MAT Á ÞÖRF FYRIR STARFSLEYFI

Haustið 2006 var unnið mat á þörf á starfsleyfi fyrir starfsemi sem er starfsleyfisskyld samkvæmt reglugerð nr 941/2002 um hollustuhætti, en það er ýmis starfsemi, þar sem almenningur leitar þjónustu, bæði opinber og einkarekin. Matið er liður í að kanna hvort hægt sé að einfalda leyfisveitingar og eftirlit samkvæmt reglugerðinni. Slíkt mat hefur ekki verið unnið áður fyrir þessa starfsemi en til hliðsjónar var haft áhættumat sem notað hefur verið við flokkun matvælafyrirtækja. Matið var unnið í samvinnu við HES (Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga). Eftirlit með hollustuháttum hefur verið mikilvægur þáttur í eftirliti með fyrirtækjum áratugum saman með það meginmarkmið að vernda heilbrigði og öryggi almennings og koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma. Starfsleyfi er ákvörðun heilbrigðisnefndar í formi skriflegs leyfis þar sem tilteknum rekstraraðila er heimilað að starfrækja tilgreinda starfsemi að því tilskildu að hann uppfylli viðeigandi ákvæði laga, reglugerða og starfsleyfis. Sum þessarar þjónustu er sérstaklega ætluð viðkvæmum hópum s.s. börnum, sjúklingum og öldruðum. Mikilvægt er að almenningur geti treyst því að gæði þjónustunnar séu slík að ekki valdi sjúkdómum eða skaða á fólki eða umhverfi. Í matsvinnunni voru valdir 12 mikilvægir þættir í heilbrigðiseftirliti og varða heilbrigði og öryggi þess sem sækir þjónustuna. Horft var til helstu atriða sem eftirlit beinist jafnan að og stigagjöf skilgreind varðandi hvern þessara þátta. Þeir þættir sem teknir voru í matinu eru 1. Slyshætta. 2. Öryggismál. 3. Hreinlæti og þrifaáætlun. 4. Sóttvarnir, smithætta og ofnæmi. 5. Staðsetning. 6. Lóð, húsnæði. 7. Innivist. 8. Snyrtiaðstaða. 9. Úrgangur og frárennsli. 10. Hávaði. 11. Efnanotkun. 12. Fræðsla. Á heimasíðu UST er tafla yfir niðurstöðu matsins fyrir alla starfsleyfisskylda starfsemi samkvæmt reglugerð nr 941/2002 um hollustuhætti. Við túlkun niðurstaðna var ákveðið að vinna ekki með samanlögð stig áhættumatsins, heldur var litið svo á að ef áhættugildi einhvers þátta væri yfir 7 stigum ætti starfsemin að vera starfsleyfisskyld. Samkvæmt því mati fellur öll starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali 1 með reglugerðinni undir starfsleyfisskyldu. Einnig er það álit vinnuhópsins að skoða eigi hvort rétt sé að bæta þar við starfsemi eins og t.d. dagvistun aldraðra og fatlaðra og ýmis konar skipulagðri afþreyingu fyrir börn og fullorðna sem getur haft í för með sér mikla slyshættu svo sem ævintýragarðar, siglingar á straumhördum ám (rafting) og fleira.

Mat á þörf fyrir starfsleyfi

	Slyshættu Slyshættu	Öryggismál	Hreinlæti þrifaáætlun	Sóttvarnir	Staðsetning	Lóð, húsnæði	Innivist	Snyrtiaðstaða	Úrgangur/ frárennsli	Hávaði	Efnanotkun	Fræðsla
Starfsleyfisskyld starfsemi	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
Dýraspítalar	3	3	3	5	5	3	3	1	9	5	1	3
Leikskólar	9	9	9	7	9	9	9	9	9	9	9	9
Verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni	3	5	1	5	3	3	5	1	3	5	9	9



EFTIRLIT MEÐ MATVÆLUM

Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga unnu 8 eftirlitsvekefni árið 2006 og eru skýrslur þeirra á heimasíðunni ust.is.

Fjögur verkefnanna fólust í könnun á fjölda örvera í ostum, unnum kjötvörum, fiski og kjúklingakjöti.

Önnur eftirlitsvekefni voru könnun á merkingum tilbúinna rétta, könnun á hreinlæti við sjálfsafgreiðslu í smásöluverslunum, úttekt á innihaldsefnum, merkingu og markaðssetningu fæðubótarefna og loks könnun á aðstæðum við flutning matvæla.

MERKINGAR TILBÚINNA RÉTTA

Í eftirlitsvekefni um merkingar tilbúinna matvæla, voru skoðaðar 67 vörur. Öll atriði voru í lagi á 25% þeirra, en gerðar voru athugasemdir við 34% þar sem ákveðnar upplýsingar sem neytandinn á að geta séð í sama sjónsviði, voru það ekki. Gerðar voru athugasemdir við 33% varanna um að magnmerkingar vantaði og má nefna sem dæmi þegar magn af rækjum í rækjusalati er ekki tiltekið. Einnig var fundið að allmörgum vörum vegna gallaðra innihaldslýsinga og skorts á upplýsingum um ábyrgðaraðila. Fleiri atriði þörfuðust lagfæringa. Töluvert skortir á að matvælafyrirtæki fari nægilega vel eftir reglum um merkingar matvæla. Réttar merkingar matvæla eru mikilvægar fyrir neytendur svo þeir geti valið vörur eftir upplýsingum sem fylgja þeim og merkingarreglur skapa fyrirtækjum samræmdar leikreglur.

MERKINGAR FÆÐUBÓTAREFNA

Mörgu er ábótavant við merkingu, innihaldsefni og markaðssetningu fæðubótarefna samkvæmt niðurstöðum eftirlitsvekefnis um fæðubótarefni. Af þeim 135 sýnum sem skoðuð voru með tilliti til merkinga og innihaldsefna voru einungis 3 vörur sem uppfylltu öll skilyrði. Í 60% tilfella vantaði aðvaranir um að neyta ekki stærri skammta en ráðlagðra daglegra neysluskammta og yfirlýsingu um að neysla fæðubótarefna komi ekki í stað neyslu fjölbreyttrar fæðu. Í um helmingi tilfella var ekki miðað við réttan ráðlagðan dagskammt (RDS) og í meira en þriðjungu tilfella vantaði eftirfarandi merkingar: „Fæðubótarefni“, „Ábyrgan aðila á EES svæðinu“, „Geymist þar sem börn ná ekki til“ og „%RDS í ráðlögðum daglegum neysluskammti“. Í um 10% tilfella voru gerðar athugasemdir vegna innhalds af vítáminum eða steinefnum og í 37% tilfella vegna innhalds annarra efna. Fullyrðingar um bættu heilsu komu fram í fjórðungi tilfella en óheimilt er að eigna fæðubótarefnum þá eiginleika að fyrirbyggja, vinna á eða lækna sjúkdóma eða gefa í skyn slíka eiginleika. Á nokkrum stöðum uppgötvuðu heilbrigðisfulltrúar óleyfilega markaðsetningu í fyrirtækjum. Annars vegar var um að ræða bæklinga með fullyrðingum sem lágu frammi, eða merkingar á hillum. Í ljós kom að nokkuð vantar upp á að fyrirtæki sem dreifa fæðubótarefnum séu með innra eftirlit, sex fyrirtæki af þeim 25 sem skoðuð voru reyndust ekki vera með virkt innra eftirlit.



MÆLINGAR Á KOFFÍNI Í DRYKKJUM

Í desember 2005 lét Umhverfisstofnun mæla koffín magn í flestum þeim drykkjum sem eru á markaði og innihalda koffín. Tilgangurinn með rannsókninni var sá að athuga hvort koffín magn hefði aukist í drykkjum eftir breytingu á reglugerð í mars sama árs og hvort magnið væri innan leyfilegra marka, þ.e. 150 mg/l. Alls voru 20 drykkir (m.a. svokallaða „orkudrykkir“, gosdrykkir og aðrir drykkir svo sem jurta- eða kakódrykkir) mældir á Rannsóknarstofu í Lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands. Við greiningu sýnanna var svokallaðri HPLC-aðferð beitt. Niðurstöður koffín mælinganna sýndu að koffíninnihald drykkjanna hefur almennt hækkað. Af sjö svokölluðum orkudrykkjum sem mældir voru reyndist koffín magn vera yfir leyfilegum mörkum í

þremur tilvikum. Koffininnihald allra gosdrykkja var innan leyfilegra marka en hefur þó hækkað um allt að 20% á síðastliðnum 6 árum eða frá síðustu rannsókn á koffinmagni í gosdrykkjum hér á landi. Koffininnihald annarra drykkja mældist langt innan leyfilegs hámarks. Framboð á hressingardrykkjum eins og svokölluðum orkudrykkjum er að aukast og þeir njóta vaxandi vinsælda, sérstaklega meðal ungs fólks. Því er afar mikilvægt að fylgjast vel með koffinmagni þessara drykkja og hlutfalli þeirra í heildarneyslu almennings, sérstaklega barna og unglinga.

UMHVERFISVÍSAR UMHVERFISSTOFNUNAR


Unnið var að því á árinu að uppfæra og breyta umhverfisvísam stofnunarinnar sem gefnir voru út á árinu 2004. Meginmarkmið uppfærslunnar er að auka fræðslugildi vísanna með því að skýra betur hverju þeir lýsa, þ.e. álagi, ástandi o.s.fr. Einnig að tengja þá beint að stefnumörkun stjórnvalda á því sviði sem fjallað er um í vísunum, t.d. stefnumörkun í loftslagsmálum eða manndæmismálum. Grænt, gult eða rautt umferðarljós sýnir í hvaða átt stefnir með viðkomandi vísi. Vísarnir eru nú aðgengilegir á vef Umhverfisstofnunar.

STARFSMANNAFÉLAG UMHVERFISSTOFNUNAR


Starfsmannafélag Umhverfisstofnunar, SUST, hefur nú verið starfandi í 4 ár. Helsta markmið félagsins er að efla samstarf, góða samvinnu og góðan starfsanda meðal starfsmanna. Alls stóð SUST fyrir 11 atburðum á árinu. Starfsárið hófst með árshátíð sem haldin var í samstarfi við stjórn UST og þótti hún takast afspyrnu vel og var það ekki síst frábærri skemmtinefnd að þakka. Einnig var farið í haustferð á Snæfellsnes þar sem m.a. var boðið upp á gönguferð og hellakönnun í fylgd Sæmundar leiðsögumans, heimsókn í gestastofu Þjóðgarðsins á Hellnum, gönguferð um nágrenni Gufuskála í fylgd Guðbjargar Þjóðgarðsvarðar og að sjálfsögðu var grillað að hætti SUST. Starfsfólk rannsóknastofu Umhverfisstofnunar var kvatt með eftirminnilegum hætti í „erfidrykkju“ um miðjan nóvember. Þeirra verður sárt saknað af fyrrum samstarfsmönnum sínum. Af öðrum atburðum má nefna hindberjatinslufurð, skógræktarferð, leikhúsfurð, og árlega vinkynningu fyrir jólin. Jólball SUST var svo á sínum stað milli jóla og nýárs. SUST stendur enn fremur fyrir reglulegum bjórkvöldum og föstudagskaffinu sívinsæla en þar skiptast starfsmenn á að framreiða ljúffengar veitingar annan hvern föstudagsmorgun yfir vetrarmánuðina.

DÆMI UM UMHVERFISVÍSA


Áætlaður stofn hreindýra



Svifryk PM10 - Reykjavík, Grensásvegur Fjöldi daga yfir umhverfismörkum, 50 µg/m³



Svifryk PM10 - Reykjavík, Grensásvegur Ársmeðaltöl



ALPJÓÐLEGT SAMSTARF

Siaukið álag á umhverfið ásamt vaxandi ferðamennsku og viðskiptafrelsi hefur gert það að verkum að mikil þörf er á alþjóðlegum reglum og stöðlum varðandi umhverfis- og matvælaöryggismál.

Umhverfisstofnun hefur frá upphafi tekið öflugan þátt í alþjóðlegu og norrænu samstarfi enda skiptir miklu að Ísland eigi fulla hlutdeild að mótun slíkra skuldbindinga svo tekið verði tillit til sérstöðu landsins og að framkvæmdin hér sé eftir ástæðum samræmd við það sem gerist annars staðar.

Skipta má þátttöku stofnunarinnar í þrjá meginþætti. Fjölbreyttir samningar og samstarf s.s.


Montrealssamningurinn um vernd ósonlagsins, Loftslagssamningurinn, Samningurinn um líf-fræðilega fjölbreytni, Stokkhólmsamningurinn, Efnavopnasamningurinn, samningar um vernd sjávar sem eru innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og OSPAR samningurinn auk samstarfs á vegum Norðurskautsráðsins og Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna svo nokkur dæmi séu tekin.

Samstarf sem tengist Evrópusambandinu og EES samningnum og varðar framkvæmd og mótun reglna sem Ísland er skuldbundið til að taka upp. Stofnunin á setu í fjölmörgum vinnuhópum sem eru að vinna reglur eða leiðbeiningar á sviði mengunarvarna, efnanotkunar og matvælaöryggis. Umhverfisstofnun hefur umsjón með 40% þeirra Evrópugerða sem Ísland hefur skuldbundið sig til að innleiða. Mikil aukning hefur verið á þessum skuldbindingum eins og sést á meðfylgjandi myndum. Sumum þeirra fylgir mikil vinna við innleiðingu en ekki síður við undirbúning og framkvæmd, meðan aðrar eru nánast formsatriði. Fjármagn til framkvæmda þessara skuldbindinga hefur verið nánast óbreytt frá myndun stofnunarinnar.


Norrænt samstarf þar sem unnið er að því að móta sameiginlega afstöðu Norðurlanda til framkvæmdar heimafyrir eða á alþjóðlegum vettvangi.

Mikilvægi þessa samstarfs verður seint ofmetið, og fer raunar vaxandi enda miðar það að því að stjórnsýsla og framkvæmd málaflökkanna sé í samræmi við það sem er að gerast í löndunum í kringum okkur.

EB gerðir sem teknar hafa verið inn í ES-samninginn 1993-2006



Fjöldi Evrópugerða í umsjón UST í samanburði við fjármögnun málaflökkans á verðlagi ársins 2006



VIÐAUKAR

RITSTÖRF

Eftirfarandi greinar birtust eftir starfsmenn stofnunarinnar í blöðum og tímaritum:

Stöðuskýrsla um mengaðan jarðveg á Íslandi
(Cornelis A. Meyles)

Landbúnaðar-, fisk- og skógræktarúrgangur
(Cornelis A. Meyles)

Criteria for acceptance of monolithic waste at landfills
(Cornelis A. Meyles)

Seminar on sustainable landfilling
(Cornelis A. Meyles)

Characterisation of non-hazardous waste
(Cornelis A. Meyles)

Handling and assessment of leachate from landfills within the Nordic countries
(Cornelis A. Meyles)

Ekki er allt rusl sem sýnist
(Cornelis A. Meyles)

Minnkum úrgang – stöndum saman
(Cornelis A. Meyles)

Viltu poka?
(Cornelis A. Meyles)

Pilot study on Statistics on Waste Management
(Rob P.M. Kamsma og Cornelis A. Meyles)

Guidance for waste reception and handling in harbours
(Rob P.M. Kamsma)

Heimsmet í rafrænum skilum á veiðiskýrslum
(Einar Guðmann)

Meðferð skotvopna á veiðum
(Einar Guðmann)

Lakagígar
(Kári Kristjánsson)

Fæðubótarefni
(Brynhildur Briem)

Bættar matvarvenjur – mataræði þrep fyrir þrep
(Brynhildur Briem)

Náttúrulyf, náttúrvörur og fæðubótarefni
Hver er munurinn?
(Brynhildur Briem)

64% fullorðinna taka einhver fæðubótarefni
(Jóhanna E.Torfadóttir)

Er raunveruleg hætta á því að börn geti fengið of mikið af vítamínum og steinefnum
(Jóhanna E.Torfadóttir)

Hvað eru erfðabreytt matvæli
(Jónína Þ. Stefánsdóttir)

Erfðabreytt matvæli
(Jónína Þ. Stefánsdóttir)

Hitastig við meðferð og geymslu matvæla
(Jónína Þ. Stefánsdóttir)

Góð ráð við grillið
(Sesselja M. Sveinsdóttir)

Jökulsárgljúfur
(Sigpríður Stella Jóhannsdóttir)

Hugleiðing um umhverfisafbrot
(Trausti Baldursson)

Naturvejledere i Arktis, Tema Nord
(Trausti Baldursson, Guðgjörg Gunnarsdóttir, Glóey Flnnsdóttir)

FYRIRLESTRAR

Fyrirlestraröð stofnunarinnar:

Umbúðir og umbúðaúrgangur
(Cornelis A. Mayles)

Gestastofur fyrir ferðamenn
(Guðbjörg Gunnarsdóttir)

Er þörf á fæðubótarefnum?
(Brynhildur Briem)

Metanbílur til framtíðar
(Sigrún Guðmundsdóttir og Þór Tómasson)

Matvælaöryggi í stórelldhúsum
(Herdís M. Guðjónsdóttir)

Hafið okkar
(Kristján Geirsson)

Leirhlutir og önnur umbúðafefni í snertingu við matvæli
(Grimur Ólafsson)

Sjálfsafgreiðslubarir – Niðurstöður eftirlitsverkefna
(Herdís M. Guðjónsdóttir)

AÐRIR FYRIRLESTRAR

Áhættumat starfsemi í fylgiskjali 1 í reglugerð um hollustuhætti
(Brynja Jóhannsdóttir)

Aðkoma Umhverfisstofnunar að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda
(Ólafur A. Jónsson)

Skipulag frístundabyggða
(Ólafur A. Jónsson)

Mengaður jarðvegur
(Cornelis A Meyles)

Staðardagskrá 21
(Cornelis A Meyles)

Málstofa um úrgang
(Cornelis A Meyles)

Skipulagsmál – hlutverk Umhverfisstofnunar
(Sigurrós Friðriksdóttir)

Mat á umhverfisáhrifum – áhrif jarðhitanýtingar
(Sigurrós Friðriksdóttir)

Gróðurhúsalofttegundir, útstreymisspá til 2020
(Birna S. Hallsdóttir)

Orka, iðnaður, útstreymi
(Birna S. Hallsdóttir)

Ávinningur fyrirtækja af innra eftirliti
(Egill Einarsson)

Lokun starfsemi, drög að verklagi
(Egill Einarsson)

Ný reglugerð um lífræn efni í málningu og lakki
(Haukur R. Magnússon)

Fyrirlestur um verndun ósonlagsins og samspil ósoneyðingar og loftslagsbreytinga (Heiðrún Guðmundsdóttir)

Hundahald í atvinnuskyni (Karl Karlsson)

CITES, Tollstjóraembættið (Karl Karlsson)

Hálendið norðan VatnaJökuls (Kári Kristjánsson)

Beztir í heimi? Vefvæddir íslenskir veiðimenn (Áki Ármann Jónsson)

Skipulagsmál í Lakagígum (Kári Kristjánsson)

Jökulsárgljúfur (Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir)

Herðubreiðarlindir, Öskju, Hvannalindir og Kverkfjöll (Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir)

Þjóðgarðar (Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir)

Kynning á náttúruinjakrá og náttúruverndaráætlun (Margrét Valdimarsdóttir)

Fæðubótarefni, sitt sýnist hverjum (Brynhildur Briem)

Fæðubótarefni, hlutverk Umhverfisstofnunar (Brynhildur Briem)

Fæðubótarefni, merkingar (Brynhildur Briem)

Aukefni (Grimur Ólafsson)

Mataræði og fæðubótarefni (Jóhanna E.Torfadóttir)

Kynning á nýjum bæklingi Fæðubótarefni – upplýsingar fyrir framleiðendur og innflytjendur (Jóhanna E.Torfadóttir)

Merkingar á ofnæmis- og ópölsöldum, íblöndun bætiefna og fæðubótarefni (Jóhanna E.Torfadóttir)

Íblöndun bætiefna í matvæli (Jóhanna E.Torfadóttir)

Erfðabreytt matvæli (Jónína Þ. Stefánsdóttir)

Óbyggðir Íslands. Þjóðgarðar og verndarsvæði (Árni Bragason)

Surtsey (Árni Bragason)

Umhverfismál og þjóðgarðar (Árni Bragason)

Samstarfsfletir Umhverfisstofnunar og Náttúrustofa (Árni Bragason)

Smá vandværker í Island (Ingólfur Gissurarson)

Dagur votlendisins – Ramsarsamningurinn (Heiðrún Guðmundsdóttir)

Dagur vatnsins – Vatn og menning (Heiðrún Guðmundsdóttir)

Oíumengun sjávar (Kristján Geirsson)

Auðlindanýting (Trausti Baldursson)

Náttúruvernd: Landvarsla og hlutverk Umhverfisstofnunar (Trausti Baldursson)

Mat á umhverfisáhrifum (Trausti Baldursson)

Alþjóðasamningar á sviði náttúruverndar (Trausti Baldursson)

Náttúruvernd og önnur landnýting (Trausti Baldursson)

Náttúruvernd og ferðaþjónusta (Trausti Baldursson)

Nature Conservation, Protected Areas and Access (Guðriður Þorvarðardóttir)

Friðlýsingar Gerpissvæðisins (Guðriður Þorvarðardóttir)

Verndaráætlanir (Guðriður Þorvarðardóttir)

NÁMSKEIÐ SEM UMHVERFISSTOFNUN SÁ UM EÐA ÁTTI HLUT AÐ:

Jarðhitaskóli SP
Námskeið um notkun varnarefna við eyðingu meindýra
Skotvopnanámskeið
Veiðikortanámskeið
Umhverfistúlkun
Landvarðanámskeið

ÚTGEFIÐ EFNI PRENTAÐ:

- UST-2006:01 Fæðubótarefni : upplýsingar fyrir framleiðendur og innflytjendur
- UST-2006:02 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirltis sveitarfélaga 2005
- UST-2006:03 Veiðidagbók 2006
- UST-2006:04 Ársskýsla UST 2005
- UST-2006:05 Prag yfirlýsingin : framlag umhverfisreglunar til aukinnar samkeppnishæfni
- UST-2006:06 Leiðbeiningar um upptöku vatnatilskipunar EB
- UST-2006:07 Cites
- UST-2006:08 Mývatn lake
- UST-2006:09 Skaftafellsþjóðgarður / Skaftafell national park
- UST-2006:11 Friðun blesgæsar
- UST-2006:12 Icelandic monitoring of pesticide residues in foodstuffs : the results of 2005
- UST-2006:13 Skaftafellsþjóðgarður / Skaftafell national park
- UST-2006:13 Latex í snertingu við matvæli (Gefið út í samstarfi við Umhverfissvið Reykjavíkurborgar)
- UST-2006:14 Final report : pilot study on statistics on waste management in agriculture, forestry and fisheries in Iceland
- UST-2006:15 Varnaðarmerktar efnavörur : könnun í grunnskólum á merkingum efnavara og á aðstöðu til að geyma og nota þær
- UST-2006:18 Ingólfshöfði friðland / Cape Ingólfshöfði nature reserve
- Fréttir og friðlýsingar. (nóv.)

VEFÚTGÁFUR:

- UST-2006:01 Eftirlitsáætlanir Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga: Samantekt 2005
- UST-2006:02 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, Örveruástand kjúklingakjöts, júlí-des.: 2005
- UST-2006:03 Svifryksmengun í Reykjavík árin 1995-2005
- UST-2006:04 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga: Örverufræðilegt ástand osta
- UST-2006:05 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga: Örverumælingar á unnum kjötvörum
- UST-2006:06 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga: Úttekt á innihaldsefnum, merkingu og markaðs-setningu fæðubótarefna, mars-apríl 2006
- UST-2006:07 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga: Sjálfsagreiðsla í smásöluverslunum : Könnun á hreinlæti í og við sjálfsagreiðslustaði/-standa sem og búnaði
- UST-2006:08 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga: Örveruástand kjúklingakjöts, júlí-september 2006
- UST-2006:09 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga: Merkingar á tilbúnum réttum
- UST-2006:10 National inventory report Iceland 2006
- UST-2006:11 Eftirlit með varnarefnum í matvælum 2005
- UST-2006:12 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga: Örveruástand fiskafurða, september-október, 2006
- UST-2006:13 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga: Könnun á flutningi matvæla

UPPLÝSINGA- OG STAÐREYNDARIT

Varnarefni nr. 13 (mars)
 Nýjar reglur um leirhluti sem ætlað er að snerta matvæli nr. 14 (okt.)
 REACH – Ný löggjöf um efni og efnavörur nr. 15 (okt.)
 Hreindýr og hreindýraveiðar nr. 16 (des.)
 Refa- og minkaveiði nr. 17 (des.)
 Veiðikortakerfið nr. 18 (des.)

AUGLÝSINGAR OG REGLUGERÐIR

- Auglýsing nr. 556/2006 um tímabundna takmörkun á innflutningi á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Tailandi.
- Reglugerð nr. 1171/2006 um breytingu á reglugerð um aukefni í matvælum, nr. 285/2002, með síðari breytingum.
- Reglugerð nr. 1006/2006 um breytingu á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun
- Reglugerð nr. 1005/2006 um breytingu á reglugerð nr. 786/1999 um mengunar-varnaeftirlit
- Reglugerð nr. 995/2006 um breytingu á reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.
- Reglugerð nr. 991/2006 um breytingu á reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.
- Reglugerð nr. 918/2006 um breytingu á reglugerð nr. 121/2004 um varnarefnaleifar í matvælum
- Reglugerð nr. 908/2006 um breytingu á reglugerð nr.121/2004 um varnarefnaleifar í matvælum
- Reglugerð nr. 830/2006 um breytingu á reglugerð, nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, með síðari breytingum.
- Reglugerð nr. 787/2006 um breytingu á reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla
- Reglugerð nr. 738/2006 um breytingu á reglugerð nr. 748/2003 um snyrtivörur.
- Reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns.
- Reglugerð nr. 575/2006 um breytingu á reglugerð um efni og hluti úr plasti sem er ætlað að snerta matvæli
- Reglugerð nr. 555/2006 um gildistöku tiltekinnna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum
- Reglugerð nr. 553/2006 um breytingu á

reglugerð um merkingu matvæla

- Reglugerð nr. 552/2006 um breytingu á reglugerð um varnarefnaleifar í matvælum
- Reglugerð nr. 545/2006 um breytingu á reglugerð nr. 697/2004 um takmörkun tiltekinna efna í raftækjum.
- Reglugerð nr. 528/2006 um breytingu á reglugerð um mjólk og mjólkurvörur
- Reglugerð nr. 526/2006 um íblöndun bætiefna í matvæli
- Reglugerð 525/2006 um umhverfismerki.
- Reglugerð nr. 519/2006 um breytingu á reglugerð um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, nr. 456/1994, með síðari breytingum.
- Reglugerð nr. 439/2006 um leirhluti sem er ætlað að snerta matvæli
- Reglugerð nr. 438/2006 um breytingu á reglugerð um varnarefnaleifar í matvælum
- Reglugerð nr. 437/2006 um breytingu á reglugerð um varnarefnaleifar í matvælum
- Reglugerð nr. 436/2006 um breytingu á reglugerð um varnarefnaleifar í matvælum
- Reglugerð nr. 434/2006 um breytingu á reglugerð um varnarefnaleifar í matvælum
- Reglugerð nr. 320/2006 um breytingu á reglugerð nr. 748/2003 um snyrtivörur
- Reglugerð nr. 198/2006 um breytingu á reglugerð um sýnatökur og meðhöndlun sýna fyrir mælingar á aðskotaefnum í matvælum
- Reglugerð nr. 139/2006 um breytingu á reglugerð nr. 586/2002 um efni sem eyða ósonlaginu.

Útgefnar gjaldskrár af
Umhverfisráðuneytinu

Gjaldskrá vegna refa- og minkaveiða.

Gjaldskrá vegna hreindýraveiða.

Gjaldskrá vegna tjaldsvæða í þjóðgördunum

Jökulsárgljúfrum og Skaftafelli. nr. 1151/2006

Gjaldskrá um breytingu á gjaldskrá

Umhverfisstofnunar, nr. 82/2005, nr.1060/2006

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

	2003	2004	2005	2006
Starfsleyfi				
Fiskeldi	2		5	2
Fiskimjölsverksmiðjur	4	2	3	
Ólíubirgðastöðvar	1		2	35
Álver	2		1	
Brennslustöðvar			1	1
Spilliefni			2	
Sorpurðun		4	2	5
Sorpbrennsla	1	2		2
Annað	5	2	1	1
Aðrar leyfisveitingar				
Starfsréttindi - meindýraeyðar	22	24	35	20
Starfsréttindi - garðúðarar	15	19	7	6
Dýrahald í atvinnuskyni	18	25	28	32
CITES			5	20
Varp dýpkunarefna	6	2	5	3
Heimildir til innflutnings matvæla sem um gilda sérstakar tímabundnar takmarkanir		123	160	221
Leiðsögumenn með hreindýraveiðum	87		83	81
Undanþágur fyrir skotvopn vegna veiða erlendis	3	10	19	29
Undanþágur fyrir skotvopn vegna meindýraveiða			4	5
Leyfi til íblöndunar bætiefna			15	9
Leyfi til notkunar fullyrðinga á umbúðum matvæla		7	7	6
Leyfi til afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera			7	4
Leyfi til sleppingar erfðabreyttra lífvera			1	
Útgefin veiðikort	8,507	7,720	10,459	10,032
Umsagnir				
Skráningar og undanþágur varnarefna	50	40	67	50
Söluleyfi eitrefna og varnarefna	11	6	12	12
Umsögn um leyfi til að kaupa og nota varnarefni	42	34	60	51
Tímabundin undanþága frá hámarksgildum efna í neysluvatnsreglugerð				1
Lagafrumvörp	20	20	26	28
Pingsályktunartillögur	12	5	5	8
Reglugerðir				
Matvæli	25	17	17	18
Umhverfi	13	14	18	8
Dýravernd og veiðistjórnun		2	2	2
Náttúruvernd		1	5	1
EB-gerðir				
Matvæli	40	39	19	22
Umhverfi	22	13	8	21
Efnavara	24	28	22	16
Grænt bókhald				
Bókhaldsskyld starfsemi	47	46	51	
Skiluðu á réttum tíma	34	30	28	
Fengu áminningu	13	16	23	
Útgáfa samræmdra starfsleyfisskilyrða	3	22	5	3
Mat á umhverfisáhrifum				
Tilkynningaskyldar framkvæmdir			54	39
Tillögur að matsátætlun			9	5
Matsskýrslur			5	8
Stjórnsýslukærur			7	5
Upplýsinga- og staðreyndarit		6	6	6
Fjöldi Raffs tilkynninga	4286	5562	6897	6594
Landvarsla				
Landvarðavikur	354	463	401	387
Landvörsluvikur	934	1,196	1,202	1,404
Sjálfbóðaliðastarf	180	280	265	405
Veiðistjórnun				
Hreindýrkvóti	574	800	800	909
Veidd hreindýr	741	735	754	906
Umsóknir um hreindýraleyfi	741	1162	1659	1,922

STARFSMENN UMVERFISSTOFNUNAR

Eftirtaldir starfsmenn unnu hjá stofnuninni í árslok 2006.

FORSTJÓRI

Davíð Egilson

FJÁRHAGS- OG REKSTRARSVIÐ

Pórey I. Guðmundsdóttir, forstöðumaður
Auður Jóhannsdóttir
Inga G. Aradóttir
Kristbjörg Bjarnadóttir
Kristinn G. Guðnason
Kristín Aðalsteinsdóttir
Kristín J. Ágústsdóttir
Kristín Á. Björnsdóttir
Magnea I. Kristinsdóttir
Sigurlaug Gísladóttir
Svanhvit Bragadóttir
Pórey J. Pétursdóttir
Pórunn E. Karlsdóttir
Pröstur Á. Gunnarsson

FRAMKVÆMDA- OG EFTIRLITSSVIÐ

Helgi Jenson, forstöðumaður
Birna S. Hallsdóttir
Björn Stefánsson
Brynja Jóhannsdóttir
Cornelis A. Meyles
Gottskálf Friðgeirsson
Niels Br. Jónsson
Ólafur A. Jónsson
Rob P.M. Kamsma
Sigurður B. Finnsson
Sigurrós Friðriksdóttir
Stefán Einarsson

MATVÆLASVIÐ

Elín Guðmundsdóttir, forstöðumaður
Brynhildur Briem
Grimur Ólafsson
Herdís M. Guðjónsdóttir
Ingibjörg E. Árnadóttir
Ingólfur Gissurarson
Jónína P. Stefánsdóttir
Zulema Sulca Porta

NÁTTÚRUVERNDAR- OG ÚTIVISTARSVIÐ

Árni Bragason, forstöðumaður
Charles J. Goames
Elva Guðmundsdóttir
Guðbjörg Gunnarsdóttir
Guðríður Þorvarðardóttir
Guðrún L. Pálmadóttir
Hafðís S. Roysdóttir
Helga Davíds
Kári Kristjánsson
Margrét Valdimarsdóttir
María Harðardóttir
Njörður Jónsson
Ragnar F. Kristjánsson
Sigprúður S. Jóhannsdóttir
Stefán Benediktsson
Trausti Baldursson
Þorsteinn Hymur

RANNSÓKNARSTOFA

Viggó Þ. Marteinson, framkvæmdastjóri
Aðalheiður S. Steingrímsdóttir
Anna P. Vignisdóttir
Ásthildur Sigurjónsdóttir
Camilla Eyvindsdóttir

Helgi Sigurjónsson
Héðinn Friðjónsson
Hrólfur Sigurðsson
Margrét Geirsdóttir
Margrét Thorarensen
Sigurbjörg Ottesen
Sólveig D. Jónsdóttir
Steinunn Hallgrímsdóttir
Þóra B. Róbertsdóttir

STJÓRNSÝSLUSVIÐ

Sigurbjörg Gísladóttir, forstöðumaður
Elín G. Guðmundsdóttir
Gunnlaug H. Einarsdóttir
Haukur R. Magnússon
Heiðrún Guðmundsdóttir
Karl F. Karlsson
Kristján Geirsson
Sigríður O. Jansen
Sigríður Kristjánsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Þór Tómasson

VEIÐISTJÓRNUNARSVIÐ

Áki Á. Jónsson, forstöðumaður
Bjarni Pálsson
Edda B. Rögnvaldsdóttir
Einar Guðmann
Jóhann G. Gunnarsson
Ólöf H. Jósefsdóttir

SKRIFSTOFA FORSTJÓRA

Gunnar S. Jónsson
Hávar Sigurjónsson
Sigurður Ö. Guðleifsson



